

## Námskeið um rekstur tannlæknastofu!

Námskeið Tannlækningastofnunar, TFÍ og KB-banka  
10. - 11. nóvember. n.k.

Flestir tannlækna eiga og reka sína eigin stofu og þurfa því að kunna skil á slíkum rekstri. Þeir læra í sex ára námi sínu um meðferð sjúklinga, en ekkert um lög og reglur eða stjórnun og fjárhagslegan rekstur fyrirtækja. Námskeiðinu, sem nú verður haldið í fyrsta sinn, er því ætlað að bæta úr brýnni þörf nýútskrifaðra og eldri tannlækna fyrir víðtæka fræðslu um þetta mikilvæga efni.

Námskeiðið verður haldið í húsakynnum KB banka í Borgartúni 19, en bankinn er aðalstyrktaraðili námskeiðsins ásamt Tannlæknafélagi Íslands.

**Hvenær:** Námskeiðið verður haldið 10. - 11. nóvember.

**Fjöldi:** Hámarksfjöldi 20 manns

**Verð:** 14.800

**Hvar:** Húsakynni KB banka, Borgartúni 19

**Umsjón:** Tannlækningastofnun

Frekari upplýsingar gefur Teitur Jónsson, tj@hi.is

**Skráning:** www.kbbanki.is/namskeid


### Dagskrá:

#### Föstudagur 10. nóvember

- 13:00-13:30 Málefni Tannlæknafélags Íslands. Sigurjón Benediktsson, formaður TFÍ
- 13:30-14:30 Lagaumhverfi tannlæknastofunnar, stofnun fyrirtækis. Eggert Páll Ólason (KB banki)
- 14:30-15:30 Fjármál, fjármögnun og bankaviðskipti. Pétur Blöndal (KB banki)
- 15:30-16:00 Kaffi
- 16:00-17:00 Viðbótarlífeyrissparnaður og aðrar sparnaðarleiðir. Guðmundur Bjarni Harðarson (KB banki)
- 17:00-18:00 Ávöxtunarform. Pétur Blöndal (KB banki)
- 18:00-19:00 Persónutryggingar og lykilmannatryggingar. Bjarni Kristjánsson (KB Líf)

#### Laugardagur 11. nóvember

- 09:00-10:00 Skaðatryggingar. Ábyrgðar- og sjúklingatryggingar. VÍS
- 10:00-10:30 Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands. Björn Ragnarsson, formaður stjórnar LTFÍ
- 10:30-11:30 Markaðssetning. Sigurður Rúnar Sæmundsson
- 11:30-12:30 Léttur hádegisverður
- 12:30-14:30 Kostnaðargrunnur tannlæknastofu. Kaup og sala á rekstri. Börkur Thoroddsen
- 14:30-15:00 Kaffi
- 15:00-16:00 Bókhalda og ársreikningar. Sigurður Heiðar Steindórsson (Deloitte)
- 16:00-17:00 Skattamál. Guðmundur Skúli Hartvigsson (Deloitte)



# fréttabréf tannlæknafélags íslands

október 2006

Frá formanni

Á síðasta aðalfundi voru samþykkt ný lög fyrir Tannlæknafélagið. Einnig voru nýjar siðareglur samþykktar. Félagar munu fá í hendur aðgengilega smábók með lögum og siðareglum félagsins á næstunni. Stjórn var öll endurkjörin á fundinum og þakka stjórnarliðar fyrir traust og skilning félagsmanna.

Ársþing fór fram í kjölfar aðalfundar og tóku 192 tannlækna og 25 neman þátt í þinginu. Á sérstaka dagskrá fyrir aðstoðarfólk mættu 155 og 12 tannlækninemar. Ljóst er að formi ársþings þarf að breyta til að koma á móts við óskir sem flestra, en hátt í 400 manna þing eru að verða fullstór fyrir sali hérlendis. Fundaplan félagsfunda er í vinnslu en ný lyfjareglugerð mun verða kynnt á félagsfundi þegar reglugerðin er tilbúin og félagar hafa getað kynnt sér innihald hennar.

Neyðarvakt tannlækna á höfuðborgarsvæðinu, sem félagið heldur utan um, er í undirbúningi og eru þeir tannlækna sem hug hafa á að sinna þessu nauðsynlega verkefni beðnir að láta vita af sér til framkvæmdastjóra.

Innheimta félagsgjalda er mál sem stjórnin hefur ákveðið að koma í þann farveg að kröfur safnist ekki upp heldur verði sendar í innheimtu þegar eindagi er liðinn.

Í tilefni nýja tannlæknatalsins hafur verið sent út eyðublað til tannlækna. Mjög gott er að svara þessu sem fyrst svo ritið verði tilbúið fyrir afmælið á næsta ári.

Á aðalfundi fór formaður yfir framlög á fjárlögum til næsta árs. Er þar ekki að sjá að endurgreiðslur vegna tannlækninga eigi að breytast á því herrans ári 2007. Fyrstu umræðu er ekki lokið er þetta er ritað og endanlegur vilji heilbrigðisyfirvalda mun koma í ljós milli umræðna á Alþingi. Hvet ég félagar til að fylgjast með þessum málum því vissulega er það hagur okkar sjúklinga sem er til umræðu.

Formaður vill þakka öllum félögum, samstjórnarmönnum og framkvæmdastjóra samstarfið á síðasta starfsári og vonandi getum við dansað inn jólin í nýja félagsheimilinu.

*kveðja Sigurjón Benediktsson*

Ástæða er til að hvetja tannlækna til að gæta vel að reikningsgerð vegna endurgreiðslu sjúkrasjóða stéttarféлага. Ekki er hægt að gefa út frumrit reiknings nema í einriti og ef stéttarfélög taka afrit reiknings ekki gilt þá verður tannlæknir að semja vottorð að beiðni sjúklings til að hann nái rétti sínum gagnvart sjúkrasjóðum.

**FÉLAGAR ERU MINNTIR Á AÐ DESEMBERUPPBÓT SAM-  
KVÆMT KJARASAMNINGUM FTAT ER 65.000 KRÓNUR Á ÁRI**

**NÝ HEIMASÍÐA**  
**<http://tanni.is>**

**FÉLAGSFUNDUR**  
**FIMMTUDAGSKVÖLD**

**9. NÓVEMBER**  
**að Háteigi Grand**  
**Hótel**  
**klukkan 20:15**

**Dagskrá:**  
**1. Lífeyrissjóður**  
**tannlækna í nútíð**  
**og framtíð**

Björn Ragnarsson  
formaður stjórnar  
og

Davíð Harðarson  
framkvæmdastjóri sjóðsins

2. Félagsmál  
3. Önnur mál

Tannlækna eru hvattir til að nýta sér þetta tækifæri til að fá upplýsingar um lífeyrissjóðinn og hvað framtíðin gæti borið í skauti sér

**ÚTGEFANDI :**  
**TANNLÆKNAFÉLAG ÍSLANDS**  
**SÍÐUMÚLA 35**  
**105 REYKJAVÍK**  
**SÍMI 575 0500**  
**TANNSI@TANNSI.IS**

**HTTP://WWW.TANNSI.IS/  
RITSTJ. OG ÁBM:**  
**SIGURJÓN BENEDIKTSSON**  
**SIGURJON@HUSAVIK.COM**

## Áhugaverð málalok

Úrskurður nr. 170 Tannmál 20.10.2006

Málavextir eru þeir að kærandi sem búsettur er í Danmörku og er skráður með lögheimili þar, var í heimsókn á Íslandi um seinustu jól og áramót. Vegna óþæginda í tönnum leitaði hann til tannlæknis hér á landi og var gert við tvær tennur. Tryggingastofnun sýnaði endurgreiðslu tannlækniskostnaðar með bréfi dags. 9. mars 2006 vegna búsetu kæranda í Danmörku og hann væri því ekki sjúkratryggður hér á landi.

Í rökstuðningi fyrir kæru segir m.a.:

„Ég er með skattalega heimilisfesti á Íslandi og greiði því alla mína skatta og skyldur þar og ætti því að njóta þess hvað alm. sjúkratryggingu varðar..... óþægindi tóku sig upp í tönnum mínum og vegna þess hafði ég samband við tannlækni minn til margra ára, B. Vitandi mína bágu fjárhagsstöðu....., ákvað B, að áður en hann hæfist handa við að gera við það sem ekki var í lagi, að hringja í Tryggingastofnun Ríkisins og kanna með sannarlegum hætti hvort ég ætti ekki rétt á einhverri endurgreiðslu væntanlegrar viðgerðar. Þau svör sem hann fékk, umræddan dag, frá TR voru þau að ég ætti örugglega rétt á 50% endurgreiðslu vegna aðstæðna.

Eingöngu vegna ofangreinds svars TR var ákvað ég, í sameiningu við tannlækni minn, að halda áfram og gera við það sem aflaga var. Ég fullyrði það hér og nú að ef ekki hefði til komið þetta svar frá TR hefði ég ekki klárað þær viðgerðir sem þurfti að gera heldur „bitið á jaxlinn“ þar til til Danmerkur væri komið ....

Úrskurðarnefndin óskaði ... eftir greinargerð Tryggingastofnunar..... Þar segir m.a. „Samkvæmt 1. mgr. 32. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, sbr. 9. gr. a. s.l., eru þeir sem búið hafa hér á landi í sex mánuði sjúkratryggðir, nema annað leiði af milliríkjasamningum. Með búsetu er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga. Samkvæmt almannatryggingareglum EES-samningsins, sbr. einnig 4. gr. reglugerðar nr. 484/2005, eiga ríkisborgarar EES-ríkja rétt á að fá heilbrigðisþjónustu á Íslandi gegn sama gjaldi og þeir sem tryggðir eru hér á landi þegar um er að ræða aðstoð sem telst nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum meðan á dvöl stendur, sé mið tekið af eðli aðstoðarinnar og áætlaðri tímalengd dvalarinnar.

Samkvæmt þessu þarf það að liggja fyrir að aðstoð sé nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum. Þá þarf að taka tillit til eðli aðstoðar og áætlaðrar tímalengdar dvalar. Ef ljóst er að aðstoð (meðferð) getur ekki beðið, þ.e. að synjun á tafarlausri aðstoð gæti valdið heilsutjóni eða myndi leiða til þess að einstaklingurinn yrði að flyta heimferð, þá á hann rétt á að fá hana á grundvelli reglnanna. Ef aðstoð getur hins vegar beðið þar til einstaklingurinn áætlað að fara heim þá á hann ekki rétt á aðstoð á grundvelli þessara reglna. Þá fellur fyrirfram ákveðin meðferð ekki undir reglurnar.

Ef ósjúkratryggður einstaklingur sem fellur ekki undir þessar reglur óskar samt sem áður eftir aðstoð þá verður hann að greiða fyrir þjónustuna að fullu. Hann getur síðan óskað eftir endurgreiðslu í sínu heimalandi (tryggingalandi) og er það þá tryggingastofnun í viðkomandi landi sem tekur ákvörðun um hvort endurgreiða beri kostnaðinn.

Kærandi ..... Það var mat tryggingayfirtannlæknis að ekki hafi verið um að ræða aðstoð sem ekki mátti bíða þar til kærandi sneri heim. Því var endurgreiðslu á kostnaði sýnað. Kærandi fullyrði að tannlæknirinn hafi fengið þau svör hjá Tryggingastofnun að hann ætti rétt á a.m.k. 50% endurgreiðslu. Hér virðist vera um misskilning að ræða sem kærandi getur ekki byggt rétt á."

..... beiðni var hafnað. .... Samkvæmt Þjóðskrá hefur kærandi verið búsettur og átt lögheimili í Danmörku frá því í september 2002. Þar sem búseta á Íslandi í sex mánuði er skilyrði fyrir því að vera sjúkratryggður hérlendis er kærandi sem er með búsetu í Danmörku ekki sjúkra tryggður hér.


Samkvæmt almannatryggingareglum EES samningsins,.... telst nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum meðan á dvöl stendur sé mið tekið af eðli aðstoðarinnar og áætlaðri tímalengd dvalar.

Í bréfi B tannlæknis dags. 21. febrúar 2006 segir: „Kom til mín 3/1 06. Var farinn að finna fyrir kuli í tönnum. 27 og 45 reynust með djúpan caries. Gert var við báðar tennur."

Kærandi dvaldi hér á landi tímabundið yfir jól og áramót. Hann leitaði til tannlæknis 3. janúar vegna kulseinkenna. **Að mati úrskurðarnefndar sem m.a. er skipuð lækni er skemmd í tönnum með kulseinkennum ekki þess eðlis að nauðsynlegt geti talist af læknisfræðilegum ástæðum að gert sé við án tafarlauss dráttar.** Viðgerð á tönnum mátti að mati nefndarinnar bíða komu til Danmerkur. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 484/2005 á því ekki við í þessu tilviki. Kærandi vísar til þess, að tannlæknir hans hafi fengið upplýsingar frá Tryggingastofnun um kostnaðarpáttöku stofnunarinnar. Í greinargerð Tryggingastofnunar segir að þetta sé á misskilningi byggt. Engin gögn liggja þessu til stuðnings. Með vísan til afstöðu Tryggingastofnunar til þessarar fullyrðingar er að mati nefndarinnar ekki hægt að byggja á henni. Leggja verður á kæranda að færa á það sönnur að röng eða villandi yfirlýsing hafi verið gefin um rétt hans. Synjun Tryggingastofnunar er staðfest.

**ÞETTA ER SKYLDULESNING ALLRA FÉLAGA Í TFÍ**

*(stytt og leturbreytt af ritstjóra)*



# fréttabréf tannlæknafélags Íslands

október 2006

## Athugasemd frá Tr

Tryggingayfirtannlæknir óskar eftir að koma þeim ábendingum á framfæri við félagsmenn TFÍ að þeir vandi reikninga-gerð sína þegar þeim má vera ljóst að reikningar verða greiddir af TR.

Samkvæmt upplýsingum frá starfsfólki Tr, sem sér um endurgreiðslu reikninga, brennur oft við að tannlæknar noti ekki rétt gjaldnúmer. Ýmist mun það vera vegna þess að menn nota gömul og úrelt númer, svo sem 615 fyrir steipta krónu í stað 614, eða að þeir nota sín eigin númer. Hvort heldur er þá fást reikningar sem svo er ástatt um, ekki greiddir. Þarf þá að snúa fólki frá og senda það aftur til síns tannlæknis til að fá reikning leiðréttan. Endurgreiðslugjaldskrá Tr er að finna á heimasíðu TRr <http://tr.is> undir "tannlækningar" eða á heimasíðu heilbrigðisráðuneytisins undir lög og reglugerðir.

Annað, sem tryggingayfirtannlæknir Tr óskar að koma á framfæri er, að starfsfólki TR er óheimilt að breyta reikningum frá tannlæknum. Reikningi getur sá einn breytt löglega sem gaf hann út. Það nægir því ekki að hringja eða senda leiðbeiningar um hvernig reikningurinn átti að vera heldur verður útgefandi að breyta sjálfur sinni reikningsfærslu.

Tannlæknum er svo að sjálfsögðu, hér eftir sem hingað til, velkomið að hafa samband við tryggingayfirtannlækni vegna þessara mála í síma 560-4433 eða í netpóstfang [reynir@tr.is](mailto:reynir@tr.is) ef einhverjar spurningar vakna.

**Tannlæknafélagið vill af þessu tilefni hvetja félagana til að vera vel upplýstir um þær reglur sem gilda um endurgreiðslu Tr hverju sinni, til að forða sjúklingum okkar frá óþarfa óþægindum. Hafi félagar eitthvað við reglur og vinnubrögð Tr að athuga, er stjórn félagsins reiðubúin að taka slík mál upp til að ráða þar bót á.**

### Aðstaða til leigu í Kópavogi

Allur aðbúnaður eins og best verður á kosið.

Áhugasamir hafi samband við Tinnu Snæland í síma 564-6450, 898-1969 eða heima 577-8850

### Tannlæknastofa á Skagaströnd til sölu

Góð aðstaða, þjónar c. 700 manna svæði.

Upplýsingar veitir Erling Ingvason í síma 893-3017

### Afleysingatannlæknir!

Afleysingatannlæknir óskast einn dag í viku á tannlæknastofu á Selfossi.

Upplýsingar í sínum 482-1780 og 482-2394.

### Tannlæknir óskast til starfa í nágrannasveitafélagi Reykjavíkur.

Bæði hluta- og fullt starf koma til greina. Fyrir hendi er góð vinnuaðstaða og næg verkefni. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem allra fyrst.

Upplýsingar í síma 8632144.

Fréttabréf Tannlæknafélagsins er opið öllum félagsmönnum. Sérstaklega eru formenn nefnda hvattir til að koma með efni í fréttablaðið. Blaðið verður sent á prentuðu formi í pósti til maí 2007 en síðan einungis á rafrænu formi. Þeir sem ekki hafa fengið sér tölvu og lágmarks-kunnáttu á gripinn ættu að drífa í því strax í dag. Það er bæði ódýrara og þægilegra að hafa samband um tölvu og tannlæknar verða að fara að komast inn í nútímann.

*Lumar þú á einhverri stuttri skemmtilegri tannlæknasögu, sögu af tönnum eða einhverju tengdu okkar fagi? Hafðu samband [tannsi@tannsi.is](mailto:tannsi@tannsi.is)*

Hugmyndir að innleggi á nýja heimasíðu eru vel þegnar